

**Nd.**

**24. Frumvarp til laga**

**[24. mál]**

um landsútsvör.

Flm.: Karl Guðjónsson, Hannibal Valdimarsson, Geir Gunnarsson.

**1. gr.**

Fyrirtæki og stofnanir, sem reka starfsemi, er nær til landsins alls, svo sem skipafélög, heildsölufyrirtæki, útflutningssamtök, tryggingarfélög, verzlunarstofnanir ríkisins og þau fyrirtæki önnur, sem ráðuneytið úrskurðar að samkvæmt eðli málsins falli undir þessi ákvæði, skulu skyld að greiða landsútsvar, er renni í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og skiptist heildarupphæð landsútsvaranna milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra.

**2. gr.**

Samband islenskra sveitarfélaga skipar 5 manna nefnd, er annast niðurjöfnun landsútsvara, en félagsmálaráðuneytið sér um innheimtu þeirra.

**3. gr.**

Landsútsvar skal lagt á eftir sömu reglum og lög ákveða á hverjum tíma um útsvör fyrirtækja í Reykjavík.

**4. gr.**

Kærur vegna álagðra landsútsvara koma fyrst til úrskurðar nefndar þeirrar, sem jafnar þeim niður, en heimilt er útsvarsgreiðanda að kæra útsvarið áfram til ríkisskattanevndar, ef hann vill ekki una úrskurði niðurjöfnunarnefndarinnar.

**5. gr.**

Þau fyrirtæki, sem gjaldskyld eru um landsútsvar, skulu ekki skyld til að greiða sveitarútsvar.

**6. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

## Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu lá fyrir síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu þá, og er hún enn í fullu gildi, þótt Tóbakseinkasalan og Áfengisverzlun ríkisins séu nú eitt fyrirtæki, en ekki tvö, svo sem var, þegar frumvarpið fyrst kom fram:

„Það má öllum ljóst vera, að í eðli sínu er það hin mesta mismunun á útsvarsskyldu þjóðfélagsþegnanna, að fyrirtæki, sem verzla við fólkið í landinu almennt, eru látin greiða útsvör af allri veltu sinni til aðeins eins sveitarfélags, svo sem nú tíðkast.

Það er næstum alltaf stærsta sveitarfélag landsins, sem þannig fær aðstöðu til að ná útsvari af verzlun langt út fyrir sin takmörk, og ósjaldan er í Reykjavík jafnað niður útsvörum á viðskipti, sem fara fram langt utan endimarka borgarinnar og íbúum hennar óviðkomandi að öllu nema útsvarsskyldunni.

Þannig leggur Reykjavík t. d. útsvör á alla veltu sölusamtaka eins og Sölu- miðstöðvar hraðfrystihúsanna, svo að dæmi sé nefnt, enda þótt minnstur hlutinn af þeirri vöru, sem þau samtök selja, hafi nokkru sinni til Reykjavíkur komið eða eigi að nokkru leyti skylt við höfuðborgina, annað en það, að sölusamtök þessi hafa þar aðsetur.

Þá virðist það líka takmörkuð sanngirni, að Reykjavík ein allra sveitarfélaga hafi aðstöðu til að ná útsvari af ríkisverzlun eins og t. d. Tóbakseinkasöluinni. En með sérstökum lögum er Reykjavík gefin aðstaða til að hirða í útsvar 5% af hagnaði þess fyrirtækis, þótt hagnaðurinn sé hins vegar fenginn af allri tóbaksölu í landinu. Sama máli gegnir einnig um Áfengisverzlun ríkisins að öðru leyti en því, að órlítið brot af útsvari hennar rennur til þeirra staða utan höfuðborgarinnar, þar sem hún hefur útsölur. En af þessum tveim fyrirtækjum ríkisins mun Reykjavík hafa haft um 13 millj. kr. í útsvar 1960.

Um önnur þau fyrirtæki, sem landsútsvar mundi ná til að frumvarpi þessu samþykktu, gegnir sama eða svipuðu máli og þau, sem hér hefur verið dregið á.

Vel má vera, að Reykjavík hafi þörf fyrir öll þau útsvör, sem gildandi útsvarslöggjöf nú gerir henni kost á. Engu að síður er rangsleitni þessa fyrirkomulags gagnvart öðrum sveitarfélögum augljós.

Það kom líka glögglega fram á s. l. vetri, þegar ríkisstjórnin beitti sér fyrir nýrri útsvarslöggjöf með ákveðnum útsvarsstigum, að útsvarsþörf sveitarfélaganna utan Reykjavíkur kallaði á hærra útsvar á hvern einstakling en nauðsyn var að ætla Reykjavíkurbúum að greiða, svo vel hafði verið séð fyrir tekjuþörf Reykjavíkur með útsvarsaðstöðu hennar gagnvart almennum viðskiptum landsmanna.

Það er tilgangur þessa frumvarps að jafna þessa aðstöðu, svo að framvegis geti landsmenn búið við jafnan útsvarsstiga í lögum, hvar sem er á landinu.

Augljóst er, að þörf væri breytinga á útsvarslögunum frá síðasta þingi að þessu frumvarpi samþykktu. Hér eru þó ekki gerðar tillögur í þá átt, og her þar hvort tveggja til, að óeðlilegt væri að gera breytingar á þeim lögum í þessum sérstöku lögum um landsútsvör, og þó ekki síður hitt, að útsvarslögin á síðasta þingi voru bráðabirgðabreyting, sem ætla verður að komi til endurskoðunar á þessum vetri, og gefst þar væntanlega tækifæri til að koma breytingum á framfæri í samræmi við það, hverja afgreiðslu þetta frumvarp fær.“